



Grænt bókhald 2014



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Yfirlýsing stjórnar	3
Staðfesting endurskoðanda græns bókhalds.....	4
Almennar upplýsingar.....	5
Vinnsluferli starfseminnar	6
Starfsleyfi	6
Umhverfisstefna	7
Lykiltölur um umhverfismál. Hráefnis og auðlindanotkun	8
Orkunotkun.....	8
Eldsneytisnotkun	8



Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Íslenska Gámafélagsins staðfestir hér með þær upplýsingar sem settar eru fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2014.

Baldur M. Helgason
Austur Þorfi Þorvaldsson
Gunnar Ólafsson
Brunnur Þórður Jónasson

Jónas Þórhilgi Sigmundsson




Staðfesting endurskoðanda græns bókhalds

Ég hef endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir starfsemi Íslenska Gámafélagsins ehf. árið 2014.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit mitt að skýrsla Íslenska Gámafélagsins ehf. sé gerð í samræmi við lög og reglugerðir um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.



Elfa Dogg Þórðardóttir
Umhverfisfræðingur.



Almennar upplýsingar

Íslenska gámafélagið ehf. var stofnað 1999. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins var að auka samkeppni á því sviði atvinnulífsins sem snýr að sorphirðu. Fyrirtækið hefur í dag yfir að ráða fjölda járngáma og plastíláta sem eru leigð fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum.

Íslenska Gámafélagið er með höfuðstöðvar í Gufunesi í Reykjavík en er einnig með starfsstöðvar í Árborg, Reykjanesbæ, Akureyri, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum og víðar. Fyrirtækið sér um að þjónusta flestar móttökustöðvar Sorpu, ásamt því að þjónusta fjölda annarra fyrirtækja. Á einstaklingsmarkaði þjónustar Íslenska Gámafélagið mikinn fjöldu heimila á Íslandi. Fyrirtækið sér m.a. um sorplosun frá heimilum og fyrirtækjum í Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ, Árborg, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi, Fjarðarbyggð, Fjallabyggð, Svalbarðsstrandarhreppi, Fljótsdalhéraði, Fljótsdalshreppi, Langanesbyggð, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Akraneskaupstað, Grundarfirði og Stykkishólmi.



Mynd 1. Höfuðstöðvar Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi

Íslenska Gámafélagið býður upp á heildarlausn á sviði flestrar umhverfisþjónustu sem spannar alla þætti almennar sorphirðu, flokkun og útflutning hráefna til endurvinnslu og ráðgjöf, á sviði flokkunar og endurvinnslu, til fyrirtækja og einstaklinga. Auk þess býður fyrirtækið m.a. upp á vinnuvélaflutninga, götusópun og leigu á vinnuskúrum og þurrsalernum.

Vélamiðstöðin ehf. er sjálfstætt einkahlutafélag í eigu Íslenska Gámafélagsins og sér m.a. um viðgerðir og viðhald ökutækja fyrirtækisins. Það hefur sérhæft sig í rekstri og viðgerðum á umhverfisvænum ökutækjum og á nú þegar margar tegundir af metangasbifreiðum allt frá litlum fólksbifreiðum til stærstu gerðar af sorpbifreiðum sem m.a. eru leigðir út til Reykjavíkurborgar, Íslenska Gámafélagsins og annarra fyrirtækja.

Íslenska Gámafélagið vann að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt ISO 14001. Með því ætlar fyrirtækið að ná betri yfirsýn yfir þá þætti í rekstri fyrirtækisins sem snúa að umhverfinu og draga þannig úr notkun efna sem valda neikvæðum umhverfisþáttum. Úttekt var í lok árs 2011 og í byrjun febrúar 2012 fékk Íslenska Gámafélagið vottun frá BSI þess efnis að það starfi samkvæmt staðlinum ISO 14001 og um leið gæðastaðlinum 9001.

Árið 2009 hlaut Íslenska Gámafélagið Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins, fyrir störf í þágu umhverfisins árið 2008. Viðurkenninguna hlaut fyrirtækið fyrir breytingu á bensín bifreiðum yfir í bifreiðar sem einnig geta gengið fyrir metani og einnig fyrir innleiðingu þriggja tunnu kerfis í sveitarfélögum.

Árið 2008 sá Íslenska Gámafélagið um innleiðingu þriggja tunnu kerfis í Stykkishólmi, fyrsta sveitarféluginu til að taka upp slíkt kerfi. Þriggja tunnu kerfið í Stykkishólmi skilaði fljótt þeim árangri sem stefnt var að og dróst urðun sorps saman um 67% strax á fyrstu mánuðunum. Þegar ljóst varð að



urðun úrgangs myndi dragast stórlega saman fóru fleiri sveitarfélög í undirbúningsvinnu að sambærilegu verkefni. Í september sama ár var kerfið tekið upp í Flóahreppi og Skaftárreppur fylgdi þar strax í kjölfarið. Árið 2009 bættust við sjö ný sveitarfélög sem tóku upp þriggja tunnu kerfið. Í lok árs 2014 voru 10 sveitarfélög á landinu með þriggja tunnu kerfi í þjónustu Íslenska Gámafélagsins og 9 með tveggja tunnu kerfi, þar sem tunna fyrir endurvinnanlegt hráefni er í boði.

Vinnsluferli starfseminnar

Starfsemi Íslenska Gámafélagsins byggist að mestu leyti á sorphirðu hjá fyrirtækjum og heimilum á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Gámabílar, eða aðrar tegundir sorphirðubíla, sækja sorpið á viðkomandi staði, keyra með það í flokkunarstöð fyrirtækisins. Þar er tekið við sorpinu, það flokkað og að lokum sent á aðra staði, ýmist til fyrirtækja sem sjá um förgun og/eða endurvinnslu, (t.d. Sorpa, Hringrás og Fura) en einnig sér Íslenska Gámafélagið um útflutning endurvinnanlegra hráefna s.s. pappa, pappírs, málma og plasts og jarðgerð á lífrænum úrgangi. Heimilissorp frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi og innihald gáma sem keyrðir eru frá gámaplönum Sorpu er losað í móttökustöð Sorpu í Gufunesi.

Í upphafi 2014 var spilliefnamóttaka standsett í starfstöð Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi. Þar eru þau spilliefni sem koma inn á svæðið flokkuð og þeim fundin réttur úrvinnslufarvegur. Árið 2012 fékk Íslenska Gámafélagið leyfi til að flytja út rafgeyma til endurvinnslu. Rafgeymar og önnur spilliefni eru geymd í lekaheldum körum á steyptu gólfí án niðurfalls.

Starfsleyfi

Íslenska Gámafélagið fellur undir fyrirtækjaflokkinn 5.1 – Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku var gefið út af Umhverfisstofnun 16. nóvember 2005 og gildir til 1. nóvember 2017.

Leyfi til að taka á móti úrgangi til endurvinnslu og flutning á úrgangi og spilliefnum var gefið út af Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar þann 8. júní 2010 og gildir til 8. júní 2022.



Umhverfisstefna

Starfsemi Íslenska Gámafélagsins getur haft neikvæð áhrif á umhverfið og er háð lögum og reglugerðum umhverfismála. Íslenska Gámafélagið er meðvitað um áhrif starfseminnar á umhverfið. Það er því keppikefli fyrirtækisins að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið með stjórnun á umhverfispáttum innan fyrirtækisins.

Markmið Íslenska Gámafélagsins er að endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækisins reglulega og vinna að stöðugum umbótum á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins og framkvæmd umhverfismála.

Stuðlað verður að lágmörkun umhverfisáhrifa með:

- Vöktun umhverfispáttta í starfsemi fyrirtækisins.
- Flokka og lágmarka úrgang sem fellur til hjá fyrirtækinu.
- Draga úr mengandi útblæstri frá bílum fyrirtækisins.
- Stuðla að sjálfbærri þróun með minni notkun hráefna, endurnýtingu og endurnotkun.
- Velja birgja með tilliti til frammistöðu þeirra í umhverfismálum, svo framarlega sem verð og gæði leyfa.
- Haga starfsemi fyrirtækisins í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál og fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum.
- Auka umhverfisvitund starfsmanna með fræðslu og þjálfun og hvetja starfsmenn til að framkvæma verk sín á umhverfisvænan hátt.
- Fylgjast með orkunotkun og leita leiða til að draga úr og nýta orkuna á sem hagkvæmastan hátt.



Lykiltölur um umhverfismál. Hráefnis og auðlindanotkun

Magn sorps

Magn sorps frá starfsemi Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi 2014	
Flokkur	Magn (kg)
Almennt sorp	22.820
Grófur úrgangur	6.500
Gæðapappír	60
Hjólbarðar	3.670
Lífrænt	2.990
Spilliefni	130
Bylgjupappi	5.910
Plastumbúðir	1.960
Grænt ílat til flokkunar	1.880

Orkunotkun

Orkunotkun 2014	
Rafmagn (kWst)	1.111.038
Kalt vatn (m ³)	20.017
Heitt vatn (m ³)	78.542

Eldsneytisnotkun

Eftirfarandi tafla sýnir heildarnotkun eldsneytis hjá Íslenska Gámafélaginu árið 2014.

	Magn
Bensín 95 okt (L)	41.900
Díselolía (L)	760.720
Díselolía lituð (L)	272.327
Metan (m ³)	101.100
Lífdísel	118.000

